

Ed.

420. Frumvarp

til laga um afhendingu á landi til stækkunar á kirkjugarðinum í Reykjavík.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

Skylt er hverjum manni, er land á að kirkjugarðinum í Reykjavík, að láta af hendi nauðsynlegt land til stækkunar kirkjugarðinum, gegn fullu endurgjaldi frá landssjóði.

2. gr.

Ráðherra Íslands, í samráði við biskup ákveður, hve nær eignarnám skuli fram fara, hvar land skuli tekið, og hve mikið, þó eigi meira en 2 dagsláttur.

Ef ekki geta komist á samningar milli hlutaðeigenda um hæfilegt verð fyrir land það, er ákveðið er að taka til viðbótar kirkjugarðinum, skulu bætur fyrir landið ákveðast af þremur óvilhöllum dómkvöddum mönnum.

Við matið skal tekið tillit til verðmætis landsins, þar á meðal þess, hvort það er útmæld byggingarlóð eða ekki, og sjeu hús eða önnur mannvirki á landinu skulu þau bætt að fullu.

3. gr.

Legkaup skal greiða fyrir þá, sem grafnir eru í Reykjavíkirkirkjugarði, 2 krónur fyrir börn yngri en 1 árs, en 4 krónur fyrir aðra. Legkaupið rennur í landssjóð.